

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 88 27. maí 1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlökkversdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Ögmundur Jónasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ársreikningi ríkisaðila skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað. Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

1. Launagreiðslur:
 - a. Heildarlaunagreiðslur.
 - b. Föst yfirvinna.
 - c. Önnur yfirvinna.
 - d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
 - e. Upplýsingar um starfsmannafjölda.
 - f. Starfskjör stjórnenda.
2. Bifreiðakostnaður:
 - a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
 - b. Notkun bílaleigubifreiða.
 - c. Notkun leigubifreiða.
 - d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
 - e. Bifreiðakostnaður stjórnenda.
3. Risnukostnaður:
 - a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
 - b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
 - c. Sundurliðun á helstu þáttum risnu og helstu tilefni hennar.
4. Ferðakostnaður:
 - a. Ferðakostnaður innan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.
 - b. Ferðakostnaður utan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá árinu 1983 hefur sú regla gilt að birta í ríkisreikningi sundurliðaðan ferða- og risnukostnað fyrir einstakar ríkisstofnanir og ráðuneyti. Sú tilhögun hefur m.a. auðveldað þingmönnum eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu. Auk þess er ljóst að þetta fyrir-

komulag veitti ríkisstofnunum og ráðuneytum aðhald. Svo bregður við að í nýlegum ríkisreikningi fyrir árið 1998 er skyndilega hætt að birta þessar upplýsingar.

Þegar leitað er skýringa er fátt um svör, önnur en að verið sé að reyna að fækka sérstöku yfirlitum sem birtast með ríkisreikningi. Aftur og aftur hefur það komið fram að framkvæmdarvaldið reynir að torvelða Alþingi að fá eðlilegar upplýsingar til að þingmenn geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Það sýnir veikleika þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu ef það er látið viðgangast.

Frumvarp þetta var flutt á 123. löggjafarþingi en þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er að efni til í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á árinu 1983, sbr. lög nr. 35–37/1983 og 39/1983. Með breytingunum var skylda sú sem felst í frumvarpinu lögð á viðkomandi stofnanir. Þegar sett voru ný lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, var slíkt ákvæði ekki í lögnum en það var í reglugerð um ársreikninga bankanna sem sett var með stoð í lögnum. Þessi ákvæði er hins vegar ekki að finna í núgildandi reglugerð um ársreikninga bankanna. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað og starfskjör stjórnenda Landsbanka Íslands hf. þykir eðlilegt að setja slík ákvæði á ný í íslenska löggjöf. Jafnframt verður að telja rétt að láta sambærileg ákvæði gilda um ársreikninga annarra ríkisaðila, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt lögnum, en með setningu laga um fjárreiður ríkisins var fellt út ákvæði sem var í 79. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, og laut að skyldu ráðuneyta og ríkisstofnana til að leggja fram yfirlit sambærilegt við það sem í frumvarpi þessu greinir.